




Alþýðusamband Íslands

Opinberir aðilar valda verðbólgu

Ríki og sveitarfélög hafa á síðustu árum aukið álögur á heimilin með ítrekuðum hækkunum á gjaldskrá og neyslusköttum. Þessar hækkanir skila sér beint út í verðlag og valda aukinni verðbólgu.


Frá árinu 2008 hefur opinber þjónusta hækkað um ríflega 35% auk þess sem auknar álögur á eldsneyti, áfengi og tóbak hafa valdið um þriðjungs hækkun á þessum vörum á tímabilinu. Áætla má að hækkanir á opinberum álögum hafi á síðustu árum hækkað verðlag hér á landi um 5-6%.



Áhrifum af álögum opinberra aðila á verðlag má skipta annars vegar í beinar hækkanir á gjaldskrá og hins vegar í ýmsa neysluskatta sem leggst á verð vöru og þjónustu. Hér er farið yfir helstu hækkanir opinberra álaga sem höfðu áhrif til hækkunar á verðlagi á liðnum árum.

Sveitarfélögin eru stórir veitendur opinberrar þjónustu og breytingar á álögum þeirra hafa því umtalsverð áhrif á verðlag. Þar má nefna að gjaldskrár leik- og grunnskóla hafa hækkað mikið á undanförunum árum en skv. vísitölu neysluverðs **hækkuðu leikskólagjöld um 35% á árunum 2008-2012 og síðdegisvist í grunnskólum um 36%**. Þessar hækkunir höfðu áhrif til hækkunar á verðlagi um 0,3-0,4 % á tímabilinu.

Þá hafa álögur sveitarfélaganna á fasteignaeigendur hækkað mikið undanfarin ár. Gjöld fyrir **sorphirðu hækkuðu um 50% á árunum 2008-2012, holræsagjöld um ríflega 60%, vatnsgjöld um tæplega þriðjung og rafmagn og hiti um 66%** á sama tímabili. Samanlagt hafa þessi gjöld áhrif til hækkunar á verðlagi um ríflega 2% á tímabilinu.



Heimild: Hagstofa Íslands

Í janúar 2010 hækkaði efra þrep virðisaukaskatts úr 24,5% í 25,5%. Ætla má að sú hækkun hafi skilað sér í um 0,2% hækkun á verðlagi í upphafi árs 2010.

Ríkið leggur auk virðisaukaskatts sérstakar álögur á eldsneyti, áfengi og tóbak sem hækkuðu fimm sinnum á árunum 2008-2012. Í heildina hækkaði verð á áfengi og tóbaki um ríflega 67% á tímabilinu en rekja má um **30% hækkun til hækkana á áfengis- og tóbaksgjaldi**.

Verð á bensíni og olíu hækkaði um tæplega 87% á árunum 2008-2012 en rekja má um **32% hækkun til hækkana á bensín- og olíugjaldi**.

Samanlagt hafa auknar álögur ríkisins á áfengi, tóbak, bensín og olíu hækkað verðlag um 2% á tímabilinu.

Þá hækkuðu **gjaldskrár heilbrigðisþjónustunnar um ríflega þriðjung** á árunum 2008-2012 en sú hækkun hefur áhrif til hækkunar á verðlagi um 0,5% á tímabilinu.

Áhrif helstu hækkana á opinberum álögum á verðlag 2008-2012:

Liður	Hækkun 2008-2012	Vísitöluáhrif
Leik- og grunnskólar	35-36%	0,3-0,4%
Sorphirða, holræsi og vatn	50% / 60% / 32%	0,63%
Rafmagn og hiti	66%	1,4%
VSK úr 24,5% í 25,5%		0,2%
Áfengi og tóbak	30%*	0,7-0,8%
Bensín og olíur	32%*	1,2-1,3%
Heilbrigðisþjónusta	34%	0,5%

*Hækkun sem rekja má til hækkana á opinberum álögum

Opinberir aðilar hafa í upphafi þessa árs enn aukið álögur sem leitt hafa til hækkana á flestum þeim liðum sem hér er fjallað um. ASÍ mun á næstu dögum halda áfram umfjöllun sinni um málið.